

Föstudaginn 10. janúar 1958.

Nr. 152/1957. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson hrl.)
gegn

Jóhanni Eyvindssyni

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Lögreglumenn stöðvuðu ákærða við akstur bifreiðarinnar Y 232 laust eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 10. nóvember 1956. Eigi verður talið fullsannað, að ákærði hafi þá verið með áhrifum áfengis í merkingu 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða af ákæru um brot gegn greindum lagaboðum. Með játningu ákærða, vætti lögreglumanna og niðurstöðu blóðrannsóknar, sem lýst er í héraðsdómi, er hins vegar í ljós leitt, að ákærði hafi, frá því hann hóf akstur árdegis föstudaginn 9. nóvember 1956 og þar til lögreglumenn stöðvuðu hann, eins og að framan greinir, verið svo miður sín vegna undanfarinnar neyzlu áfengis, að akstur hans á því tímabili varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða þykir mega staðfesta að öðru leyti en því, að í stað sektar komi varðhald 10 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 er rétt að svipta ákærða ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Eyvindsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Einars Ásmundssonar og Guðmundar Vignis Jósefssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 12. júní 1957.

Ár 1957, miðvikudaginn 12. júní, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Péturssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1957:

Ákæruvaldið gegn Jóhanni Eyvindssyni, sem dómtekið var hinn 8. maí s.l.

Mál þetta er höfðað gegn Jóhanni Eyvindssyni verkamanni, Borgarholtsbraut 46, Kópavogi. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 12. marz 1957, ákærður fyrir brot á 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Þykir ákærði hafa brotið téð lagaákvæði með því að hafa föstudagsmorguninn 9. nóvember s.l. um kl. 07 ekið bifreiðinni Y-232 heiman að frá sér, þ. e. Borgarholtsbraut 46 í Kópavogi, til vinnustaðar hjá hafnar- og vitamálastjórn inni í Fossvogi og síðan aftur heim til sín um hádegi nefndan dag, þrátt fyrir að hann væri haldinn slíkri þreytu og sljóleika sökum undanfarandi áfengisneyzlu og svefnleysis, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt.

Málið er ennfremur höfðað gegn ákærða fyrir brot á 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir ákærði hafa brotið þessi lagaákvæði með því að hafa ekið fyrrgreindri bifreið um kl. 01,20 aðfaranótt laugardagsins

10. nóvember s.l. frá Skátaheimilinu í Reykjavík og áleiðis heim til sín, þótt hann væri með áhrifum áfengis.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 24. marz 1916 í Reykjavík.

Hefur ákærði sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

- 1935 11/12 Sátt, 10 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjól.
- 1937 14/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 21/4 Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
- 1947 3/12 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1948 14/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1950 9/2 Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 8/5 Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á 22. gr. 1. mgr. bifreiðalaga.
- 1951 2/6 Reykjavík. Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meinta ölvun við bifreiðarakstur.
- 11/7 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
- 1953 27/7 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 17/12 Reykjavík, Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meint brot á bifreiðalögum og áfengislögum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 10. nóvember 1956 voru lögregluþjónarnir Hörður Valdimarsson og Jóhannes Björgvinsson við löggæzlu á Reykjanesbraut nálægt Fossvogslæk. Þar stöðvuðu þeir bifreiðina Y-232 og höfðu tal af ökumanni hennar, ákærða í máli þessu. Töldu lögreglumennirnir, að áfengisþef legði af vitum ákærða og færðu þeir hann ásamt farþegum í Y-232 á lögreglustöðina í Reykjavík. Var þar gerð athugun á fráöndunarlofti ákærða, sem sýndi merki þess, að í því væri alkóhól. Var síðan tekið blóðsýnishorn úr ákærða og fundust í því reducerandi efni, sem samsvara 0,96‰ af alkóhóli. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis eða vera undir áhrifum þess, en kvaðst hafa drukkið áfengi á fimmtudagskvöld, en pilsner og bjór allan föstudaginn.

Ákærði hefur skýrt svo frá í réttarhaldi, að hann hafi fimmtudagskvöldið fyrir handtökuna drukkið áfengi frá kvöldmatarleyti og fram til kl. 1 eða 2 aðfaranótt föstudagsins og verið mikið drukkin, er hann fór að sofa. Næsta morgun, um kl. 6,30, fór ákærði á fætur og var mættur til vinnu sinnar kl. 7,10, en þangað ók ákærði í bifreið sinni Y-232, og síðan aftur heim

í hádeginu. Ákærði kvaðst ekki beinlínis hafa verið undir áhrifum áfengis um morguninn, en timbraður og með höfuðverk og hafi höfuðverkurinn ekki batnað fyrr en eftir hádegðið. Er ákærða var bent á, að þessi akstur hans væri lögum andstæður, þar sem hann hafi væntanlega verið illa fyrir kallaður, kvaðst ákærði ekki hafa fundið til lamandi áhrifa og talið það vera í lagi að aka til vinnu eftir 5—6 tíma svefn.

Vitnið Hörður Valdimarsson lögregluþjónn segir lögregluþjónna fyrst hafa veitt bifreið ákærða athygli vegna þess, að henni var ekið hlykkjótt eftir veginum. Er ákærði kom út úr bifreiðinni, segist vitnið fyrst hafa talið hann ofurölva, en er vitnið fór að tala við ákærða, taldi það hann engan veginn ofurölva, enda hafi hann verið skýr í tali og framburður hans greinargóður. Vitnið kveðst hiklaust bera, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti og það greinilega. Vitnið Jóhannes Björgvinsson lögregluþjónn segir ákærða hafa haft útlit fyrir að vera undir áhrifum áfengis, augu hans hafi verið rauð og blóðhlaupin, andlitið rjótt, en hann hafi hvorki slagað né verið loðmæltur. Í skýrslu vitnisins sem varðstjóra lýsir það ákærða svo, að áfengisþefur af honum hafi verið talsverður, litarháttur rjóður, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot og blóðhlaupin, jafnvægi stöðugt og málfar skýrt.

Vitnið Hannes Grétar Helgason, sem var farþegi í bifreið ákærða, segist ekki hafa séð þess merki, að ákærði væri undir áhrifum áfengis og telur akstur hans hafa verið eðlilegan. Aðspurt kvaðst vitnið telja, að ákærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti.

Vitnið Sverrir Lárusson, sem einnig var farþegi í bifreið ákærða, kveðst ekki hafa séð þess merki, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, hann hafi verið eðlilegur að öllu leyti og ekkert athugavert við akstur hans.

Vitnið Páll Sigurðsson læknir, sem tók blóðsýnishorn úr ákærða, treystist ekki til að gefa upplýsingar um annað en blóðtökuna varðar.

Ákærði hefur, allt frá því að hann var handtekinn, staðfastlega neitað því að hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur umrædda aðfaranótt föstudagsins (svo) 10. nóvember s.l. Vitni þau, sem voru farþegar í bifreið ákærða, styðja þennan framburð hans.

Annar lögregluþjónanna, sem vitni báru, telur hiklaust, að ákærði hafi undir áhrifum áfengis, en hinn telur ákærða hafa haft útlit fyrir að vera undir áhrifum áfengis. Með tilliti til

niðurstöðu blóðrannsóknar verður ósannað talið, að ákærði hafi í umrætt skipti verið undir áhrítum áfengis og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af niðurstöðu fyrrgreinds blóðsýnishorns og vegna framburðar ákærða sjálfs, að hann hafi verið timbraður og með höfuðverk, er hann ók til vinnu sinnar greindan föstudagsmorgun og aftur heim í hádeginu sama dag, verður að telja, að ástand hans hafi verið með þeim hætti, að hann hafi með akstrinum brotið 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Svo sem um er getið í framlagðri vörn og dómaranum er um kunnugt, er ákærði bifreiðarstjóri hjá hafnar- og vitamálastjórninni og á því afkomu sína að verulegu leyti undir því að halda bifreiðarstjóraréttindum. Ákærði hefur ekki áður orðið sekur um samskonar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, og þykir því rétt samkvæmt heimild í 1. mgr. 39. gr. bifreiðarlaga að láta hann halda ökuréttindum.

Refsing ákærða þykir því hæfilega ákveðin 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans, Guðmundar Vignis Jósefssonar hdl., krónur 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Eyvindsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.
